

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2025

2025/EES/38/45

frá 14. mars 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2579 frá 10. júní 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem fyrirtæki á að leggja fram við umsókn um starfsleyfi í samræmi við 8. gr. a þeirrar tilskipunar ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14s (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2581) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14t. **32022 R 2579**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2579 frá 10. júní 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem fyrirtæki á að leggja fram við umsókn um starfsleyfi í samræmi við 8. gr. a þeirrar tilskipunar (Stjtið. ESB L 335, 29.12.2022, bls. 61).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2579, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2025 frá 14. mars 2025 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 335, 29.12.2022, bls. 61.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 2025/986, 12.6.2025 og EES-viðbætur nr. 38, 12.6.2007, bls. 43.